

1866.  
25. maí.

um málafnið um ýmsar endurbætur á hinum lærða skóla í Reykjavík.

En áður en farið er lengra út í málafni þetta, hefir stjórnarráðið ekki viljað láta hjá líða að biðja yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að veita skólameistaranum og kennurunum við hinn lærða skóla í Reykjavík færi á að koma fram með athugasemdir þær, er þeim kynni að virðast, að álitsskjal Maðvígs konferenzráðs gæfi þeim tilefni til, og senda síðan hingað álitsskjal það, er þeir kunna að semja, og skýra um leið frá skoðun sjálfra yðar á málinu. Í sambandi við þetta eruð þér, samkvæmt uppástungu Maðvígs konferenzráðs, beðnir að gjöra ráðstafanir til að samdar verði, undir eins og því verður við komið, íslenzkar kennslubækur, til þess að hafa við kennsluna í nedri bekkjunum í skólanum, einkum latínsk málmyndalýsing og latínsk orðabók með íslenzkum þýðingum, og ef á peningum þarf að halda til þessa á fjárhagsárinu, sem nú stendur yfir, þá mun stjórnarráðið láta borga þá, þegar það fær nákvæmari skýrslu um það, af fê því, er það hefir umráð yfir, en aptur á móti eruð þér beðnir að skýra frá, hvort þér haldið, að neinn kostnaður útaf þessu muni bera að höndum á fjárhagsárinu 1867—68, og ef svo er, þá hversu mikill hann muni verða.

25. maí. **53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærslu-hrepp sveitarómaga.**

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið aptur með bréfi yðar, herra amtmaður, dags. 23. febrúarmán. þ. á. skjal, er hingað hafði áður komið beina leið, frá hreppstjórunum í Helgastaða hrepp í Þingeyjar sýslu, þar sem þeir skjóta til atkvæða dómsmálastjórnarinnar úrskurði yðar 17. marzmán. 1864, að því leyti sem ákveðið er með honum, að Guðrún Björnsdóttir, ekkja Odds Benediktssonar á Jódísarstöðum, og sonur hennar, vitfíringurinn Guðni Oddsson, eigi sveit á Helgastaða hreppi, skal



yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að úrskurður yðar, herra amtmaður, um þetta efni skal vera óhaggaður<sup>1</sup>.

1866.  
25. maí.

<sup>1</sup>) Amtsúrskurðurinn er svo látandi:

Með bréfi frá 22. f. m. með fylgiskjölum hafið þér borið undir atkvæði amtsins úrskurð sýslumannsins í Þingeyjar sýslu frá 19. desembermán. f. á., þar sem svo er ákveðið, að ekkja Odds nokkurs Benediktssonar, Guðrún Björnsdóttir, með tveim vitfirrtum sonum þeirra, Árna og Guðna, skuli eiga rétt til sveitarframfæris af Helgastaða hrepp.

Eptir skjölum þeim, sem bréfi yðar fylgja, er það ágreinings-efnið í þessu máli, að þér álitid, að þurfamanna-„hjálp“ sú, er Oddur heitinn Benediktsson hafði þegið af Ljósavatns hrepp bæði árið 1851—52 og fyrri, hafi staðið honum í vegi fyrir því að eignast sveit á Helgastaða hrepp, þó það sé viðurkennt, að hann hafi dvalið þar 10 ár samfleytt án þess að njóta sveitarstyrks, eptir að hin umrædda hjálp var látin honum í té.

Á þessa skoðun yðar getur nú amtið engan veginn fallið, því eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 6. gr. og opnu bréfi 6. júlímán. 1818 1. gr. ber að alita sérhvern sveitlagan í þeim hreppi, þar sem hann hefir dvalið 10 ár samfleytt, án þess að njóta þar sveitarstyrks, og kemur það þannig alls ekki til greina, þó hann áður hafi þegið hjálp sem þurfamaður, hvort heldur honum hefir verið lánað fé, eða lagt, til framfæris sér og sínum; en að því leyti þér gegn þessari skoðun hafið bent á hið 2. atriði í 6. grein reglugjörðarinnar: „þó ber — — — gjöra breytingu“, þá ber þess að geta, að löggjafinn í þessu atriði greinarinnar alls ekki talar neitt um það, hver áhrif styrkur eins og hinn ofannefndi skuli hafa, í því tilfelli, sem hér ræðir um, heldur segir hann að eins, hvernig að skuli farið, þegar einhver hafi helgað sér sveit eptir lögum þeim, sem giltu áður en reglugjörðin 8. janúarmán. 1834 náði hér lagagildi, og að því leyti sem þér vitnið til tilskipunar 30. aprílmán. 1824 10. gr., þá verð eg að taka það fram, að sú lagagrein á ekki skilt við þetta mál, þó hún að visu, eins og þér segið, takmarki borgaraleg réttlindi manna, ef þeir standa í skuld fyrir hreppsstyrk, því hún gjörir það í allt annari grein.

Amtið hlýtur þannig að staðfesta úrskurð sýslumannsins í Þingeyjar sýslu frá 19. desembermán. f. á., að svo miklu leyti sem með honum er ákveðið, að ekkja Odds sáluga Benediktssonar, Guðrún Björnsdóttir, og sonur hennar Guðni, skuli eiga sveit á Helgastaða hrepp.



1866.

25. maí.

**54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um hvort greiða eigi jarðamatskostnað af brennisteinsnámunum í Þingeyjar sýslu.**

Útaf því að Þorsteinn Jónsson, kansallíráð, sýslumaður í Þingeyjar sýslu, hefir látið það álit sitt í ljósi í bréfi, er hingað hafði borizt beina leið, að ekki ætti að gjalda jarðamatskostnað af brennisteinsnámum þeim, sem til færðir eru á 127. bls. B í jarðabókinni frá 1861, hafið þér, herra amtdaður, eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar, getið þess í bréfi dagsettu 24. janúarmán. þ. á., að þér getið ekki verið honum samdóma um þetta, því að yðar hyggju eigi allt eins að gjalda jarðamatskostnað af námum þessum og af öðrum fasteignum, sem eru þjóðeignir, og ef að kansallíráðið hafi borgað jarðamatskostnað af námunum úr sínum sjóði, þá eigi hann að fá það endurgoldið úr ríkissjóðnum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjöríð það, að dómsmálastjórnin fellst á álit yðar um þetta málefni.

---

En þar sem það á hinn bóginn er ákveðið með ofannefndum úrskurði, að hinn eldri sonur áðurnefndra hjóna, Árni, skuli einnig eiga sveit á Helgastöða hrepp, þá virðist úrskurðinum að þessu leyti eiga að breyta fyrir þá sök, að þótt foreldrar með lögmætri dvöl hafi áunnið sér sveit, þá geta börnin ekki, ef þau eru fædd í öðrum hreppi, og þau sjálf eigi hafa helgað sér sveit eptir 16. aldurs ár, orðið sveitlög í þeim hreppi, hvar foreldrarnir höfðu unnið sveit, því framfærsluskýldu foreldrahreppsins er þá lokið í tilliti til barnanna, úr því þau eru 16 ára, og verða þau þá að lenda á fæðingarhreppi sínum, þegar þau sjálf eigi hafa unnið sér sveit. Er þetta álit þerlega tekið fram í bréfi amtsins frá 2. júnímán. 1851 um vitfírringinn Mattías Jónsson, sem úrskurðað var að ætti framfærslu á Háls hreppi, og var sá úrskurður staðfestur með bréfi innanríkisráðgjafans 26. maímán. 1852.

Samkvæmt þessu er því ofannefndur Árni Oddsson sveitlægur á fæðingarhrepp sínum, sem er upplýst að sé Ljósavatns hreppur.